


Listir í Lundi



Hjarta list- og verkgreinanna í Norðlingaskóla er **Lundur**, óhefðbundin kennslustofa sem gefur ótal möguleika á samvinnu og samþættingu. Teymið samanstendur af sex kennurum í vetur: Ásdís Elva – sjónlistir, Eva – textílmennt, Magnús – hönnun og smíði, Óli – sjónlistir, Ragna – heimilisfræði, og Vígbór – tónmennt.

Eins og verið hefur er námskeiðaform á list- og verkgreina kennslunni, nemendur í 1. og 2. bekk eru í listum á mánudögum (heimilisfræði á þriðjudögum), nemendur í 3. - 4. bekk koma á þriðjudögum (heimilisfræði á mánudögum), miðstigið á fimmtudögum og unglingarnir koma í Lund á föstudögum. Í Listum í Lundi kynnst nemendur sérstöðu hvers fags fyrir sig, hvernig fögin eiga sameiginlega fleti, sem og fá útrás fyrir sköpunargleði sinni og styrkja listfimi og verkvit.

Þar sem flæðið er mikið í Lundi er lögð áhersla á að nemendur upplifi sig örugga. Þau læra fljótt hvernig og hvar þau eiga að safnast saman. Nemendur hafa aðgang að skipulagi kennslunnar þegar þau mæta á morgnana og þau fá gott utanumhald þannig að upplifun þeirra verði jákvæð og skapandi.

Einn þáttur í því að yngri nemendurnir upplifi sig örugga er að þau hafa ákveðinn stað þar sem þau setjast í sinn hóp. Þetta gera þau alltaf þegar þau koma á ganginn fyrir framan Lund. Það er svo kennarinn sem sækir hópinn sinn. Með þessu fyrirkomulagi þurfa nemendur ekki að hafa áhyggjur af neinu nema að mæta á ganginn.

Stundaskráin og hópalistarnir, sem hanga á ganginum við Lund, eru styrkt með myndum sem tákna hvert fag fyrir sig - og geta því jafnvel þau yngstu sótt sér upplýsingar um dagskrá dagsins.

Hlökkum til að sjá ykkur,
kennararnir í „Listum í Lundi“.